# Verðmæti ullar

September, 2020

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

### *Lýsing á rannsókn*

| | |
|---|---|
| Unnið fyrir | Textílmiðstöð Íslands |
| Markmið rannsóknar | Að kanna viðhorf sauðfjárbænda til ullarræktunar og hvernig sé hægt að auka verðmæti hennar |
| Dagsetning skýrsluskila | 14. september, 2020 |

### *Ábyrgðaraðilar*

| | |
|---|---|
| Útgefandi | Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands |
| Skýrsluhöfundar | Guðbjört Guðjónsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, og Inga Rún Sæmundsdóttir |

# EFNISYFIRLIT

**Töfluyfirlit** .... **4**

**Myndayfirlit** .... **6**

**Samantekt** .... **7**

**Inngangur** .... **9**

Úrtak og svörun könnunar .... 9

Úrvinnsla .... 10

**Niðurstöður** .... **11**

Þátttakendur .... 11

Ullarvinnsla og skil á ull .... 13

Heimavinnsla .... 18

Sölusíða fyrir ull .... 22

Náttúruvæn ullarframleiðsla .... 23

Þekking, áhugi og verðmæti .... 25

Opnar spurningar .... 26

Kynjamunur á áhuga á ull og þáttum sem tengjast ull .... 30

**Viðauki** .... **33**

# TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun ... 9
Tafla 2. Hvernig skilgreinir þú kyn þitt? ... 11
Tafla 3. Aldur ... 11
Tafla 4. Hver er hjúskaparstaða þín? ... 12
Tafla 5. Búseta ... 12
Tafla 6. Hversu margar kindur eru á vetrarfóðrum á bænum? ... 13
Tafla 7. Hversu lengi hefur þú stundað sauðfjárbúskap? ... 13
Tafla 8. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á ullarræktun? ... 14
Tafla 9. Hvenær er rúið á búinu þínu? ... 14
Tafla 10. Skilar þú ull af búinu til vinnslu? ... 15
Tafla 11. Hvað er gert við ullina ef henni er ekki skilað til vinnslu? ... 15
Tafla 12. Er ullin á búinu flokkuð samkvæmt flokkunarkerfi Ístex áður en henni er skilað inn? ... 16
Tafla 13. Eftir hverju er ullin flokkuð? ... 16
Tafla 14. Hversu vel eða illa finnst þér vera borgað fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex? ... 17
Tafla 15. Hversu mikið finnst þér ásættanlegt að greitt sé fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex? ... 17
Tafla 16. Hvað myndir þú gera við ullina ef ekki væri ullarvinnsla í landinu? ... 18
Tafla 17. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á heimavinnslu á ull? ... 19
Tafla 18. Er einhvers konar heimavinnsla á íslenskri ull stunduð á bænum? ... 19
Tafla 19. Kemur ullin sem notuð er í heimavinnslunni af búinu eða er ullin keypt? ... 19
Tafla 20. Hverjir sinna heimavinnslunni á bænum? ... 20
Tafla 21. Hvers konar heimavinnsla á íslenskri ull er seld frá bænum? ... 21
Tafla 22. Ef til heimavinnslu kæmi, hvers konar heimavinnsla hefur þú hugsað þér að yrði seld frá bænum? ... 21
Tafla 23. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að láta spinna sérstakt band úr ullinni þinni sem hægt væri að rekja til búsins? ... 22
Tafla 24. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að taka þátt í að þróa sameiginlega vefverslun fyrir íslenska ull og ullarvörur í samstarfi við Textílmiðstöðina? ... 22
Tafla 25. Hvað myndir þú telja sanngjarna álagningu á þinni vöru í vefverslun? ... 23
Tafla 26. Hversu mikilvægt eða lítilvægt finnst þér að ullarframleiðsla á Íslandi sé umhverfisvæn? ... 24
Tafla 27. Hvað telur þú að eigi að einkenna umhverfisvæna íslenska ullarframleiðslu? ... 24
Tafla 28. Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af umhverfisáhrifum textílframleiðslu í heiminum? ... 25
Tafla 29.Hefur þú áhuga á að auka þekkingu þína á eftirfarandi: ... 26
Tafla 30. Hvar telur þú að helstu möguleikar sauðfjárbænda liggi í að auka verðmæti ullarinnar? ... 27

Tafla 31. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í lokin? ... 29
Bakgrunnstafla 1. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á ullarræktun? ... 33
Bakgrunnstafla 2. Hvenær er rúið á búinu þínu? ... 34
Bakgrunnstafla 3. Skilar þú ull af búinu til vinnslu? ... 34
Bakgrunnstafla 4. Er ullin á búinu flokkuð samkvæmt flokkunarkerfi Ístex áður en henni er skilað inn? ... 35
Bakgrunnstafla 5. Eftir hverju er ullin flokkuð? (Vinsamlega merktu við allt sem við á) ... 35
Bakgrunnstafla 6. Hversu vel eða illa finnst þér vera borgað fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex? ... 36
Bakgrunnstafla 7. Hversu mikið finnst þér ásættanlegt að greitt sé fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex? ... 36
Bakgrunnstafla 8. Hvað myndir þú gera við ullina ef ekki væri ullarvinnsla í landinu? ... 37
Bakgrunnstafla 9. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á heimavinnslu á ull? ... 37
Bakgrunnstafla 10. Er einhvers konar heimavinnsla á íslenskri ull stunduð á bænum? ... 38
Bakgrunnstafla 11. Hvers konar heimavinnsla á íslenskri ull er seld frá bænum? ... 38
Bakgrunnstafla 12. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að láta spinna sérstakt band út ullinni þinni sem hægt væri að rekja til búsins? ... 39
Bakgrunnstafla 13. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að taka þátt í að þróa sameiginlega vefverslun fyrir íslenska ull og ullarvörur í samstarfi við Textílmiðstöðina? ... 39
Bakgrunnstafla 14. Hvað myndir þú telja sanngjarna álagningu á þinni vöru í vefverslun? ... 40
Bakgrunnstafla 15. Hversu mikilvægt eða lítilvægt finnst þér að ullarframleiðsla á Íslandi sé umhverfisvæn? ... 40
Bakgrunnstafla 16. Hvað telur þú að eigi að einkenna umhverfisvæna íslenska ullarframleiðslu? ... 45
Bakgrunnstafla 17. Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af umhverfisáhrifum textílframleiðslu í heiminum? 46
Bakgrunnstafla 18. Hefur þú áhuga á að auka þekkingu þína á eftirfarandi: ... 47

# MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Munur á áhuga karla og kvenna á ullarræktun og vinnslu ullar ..... 30
Mynd 2. Munur á áhuga karla og kvenna á því að taka þátt í að þróa sameiginlega vefverslun fyrir íslenska ull og ullarvörur í samstarfi við Textílmiðstöðina ..... 31
Mynd 3. Munur á áhuga karla og kvenna á þekkingaraukningu tengdri ull ..... 32

# SAMANTEKT

Markmið rannsóknarinnar sem lýst er í þessari skýrslu var að kanna viðhorf sauðfjárbænda til ullar og hvernig hægt væri að auka verðmæti hennar. Könnunin náði til allra sauðfjárbænda 18 ára og eldri með bú skráð í Landssamtök sauðfjárbænda um allt land.

Rúmlega helmingur svarenda hafði mjög eða frekar mikinn áhuga á ullarræktun samanborið við 18% sem höfðu mjög eða frekar lítinn áhuga. Langflestir svarenda skiluðu ull af búinu til Ístex og flokkuðu ullina samkvæmt flokkunarkerfi Ístex. Um 11% fannst mjög eða frekar vel borgað fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex. Um 69% svarenda fannst ásættanlegt verð fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull liggja á bilinu 500 til 1100 kr.

Um 22% svarenda höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga á heimavinnslu á ull, en 87% sögðu enga heimavinnslu á íslenskri ull vera stundaða á bænum. Þau sem stunduðu heimavinnslu á ull voru spurð hvort að ullin sem notuð væri í heimavinnslu kæmi af búinu eða væri keypt. Rúmlega helmingur sagði alla ull koma frá búinu. Um helmingur þeirra sem sögðu að heimavinnsla væri stunduð á bænum sögðust sinna henni sjálfir og svipað hlutfall nefndi eiginkonu/sambýliskonu. Þar sem heimavinnsla var stunduð var algengast að prjónaskapur eða hekl væri selt frá bænum (16 svarendur) eða þæfð ull (7 svarendur). Um 42% svarenda höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga á að láta spinna sérstakt band úr ullinni sem væri hægt að rekja til búsins.

Þegar spurt var hversu mikinn eða lítinn áhuga svarendur hefðu á því að taka þátt í að þróa sameiginlega vefverslun fyrir íslenska ull og ullarvörur í samstarfi við Textílmiðstöðina kom í ljós að 34% höfðu mikinn eða frekar mikinn áhuga á slíku. Þá var spurt hvað væri sanngjörn álagning á vörur þeirra í vefverslun og 87% svarenda taldi sanngjarna álagninu vera á bilinu lægri en 30% til 60%, en um 13% töldu sanngjarna álagningu vera hærri en 60%.

Spurt var um viðhorf til náttúruvænnar ullarframleiðslu. Miklum meirihluta, eða 90%, fannst mjög eða frekar mikilvægt að ullarframleiðsla á Íslandi væri umhverfisvæn. Þegar spurt var hvað ætti að einkenna umhverfisvæna íslenska ullarframleiðslu merktu 79% við að bandið/ullin væri 100% íslensk og 74% að ullarvinnsla færi öll fram á Íslandi. Um 30% höfðu mjög eða frekar miklar áhyggjur af umhverfisáhrifum af textílframleiðslu í heiminum og svipað hlutfall eða 34% höfðu mjög eða frekar litlar áhyggjur.

Þegar sauðfjárbændur voru spurðir hvort þeir hefðu áhuga á að auka þekkingu sína á ákveðnum sviðum sem viðkoma ull og ullarræktun kom fram nokkur dreifing á svörum þeirra. Algengast var þó að fólk hefði áhuga á að læra meira um meðferð ullar við og eftir rúning (56%) og ræktun fjár með ullargæði í huga (53%). Í lokin voru bændur spurðir í opinni spurningu hvar þeir teldu helstu möguleika sauðfjárbænda liggja í að auka verðmæti ullarinnar og komu nokkur meginþemu fram. Fram kom að margir töldu helstu möguleika liggja í að vanda betur til verka við ullarvinnslu heima fyrir, þar á meðal við rúning og fjárræktun, aðrir töldu möguleikana liggja í aukinni markaðssetningu og vöruþróun á ull og ullarvörum og enn aðrir í breyttum viðskiptaháttum með ull.

# INNGANGUR

Að beiðni Textílmiðstöðvar Íslands lagði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands spurningakönnun fyrir sauðfjárbændur á Íslandi með það að markmiði að kanna viðhorf þeirra til ullar og verðmæti ullar. Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðu-neytinu. Spurningalisti könnunarinnar var unninn af Textílmiðstöð Íslands og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og leitað var eftir áliti frá sauðfjárbændum, Landssamtökum sauðfjárbænda og Umhverfisstofnun við gerð listans.

## Úrtak og svörun könnunar

Könnunin beindist að íslenskum sauðfjárbændum um allt land. Þýði könnunarinnar samanstóð af þeim sauðfjárbúum sem skráð eru í Landssamtök sauðfjárbænda, alls 1080 býlum. Til þess að fá sem flest svör var bændum allra býla í þýði könnunarinnar gefin kostur á að taka þátt. Ef ábúendur voru fleiri en einn á býli, gátu þeir valið hver eða hvor þeirra svaraði könnuninni. Alls bárust svör frá 572 býlum af þeim 1080 sem voru í þýði könnunarinnar eða 53% sauðfjárbúa (sjá töflu 1).

Til að byrja með var könnunin send í tölvupósti á netföng 587 sauðfjárbúa. Spyrlar á vegum Félagsvísindastofnunar hringdu því næst í ábúendur býla sem ekki höfðu uppgefið netfang og buðu þeim að svara í gegnum síma eða fá sendan hlekk á könnunina og svara henni á netinu. Einnig var hringt í þá sem höfðu fengið könnunina í tölvupósti en ekki svarað. Gagnaöflun fór fram á tímabilinu 23. júní – 16. Júlí 2020, fyrsti tölvupóstur var sendur 23. júní og hringt var á tímabilinu 29. júní til 10. júlí. Í heildina svöruðu 177 þátttakendur könnuninni í síma en 395 á netinu.

***Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun***

| | |
|---|---|
| Framkvæmdamáti | Net- og símakönnun |
| Upplýsingasöfnun | 23.06 til 16.07.2020 |
| Fjöldi í úrtaki | 1080 |
| Fjöldi svarenda | 572 |
| Brottfall | 12 |
| Svarhlutfall - brúttó | 53% |
| Svarhlutfall - nettó | 54% |

Fleiri karlar svöruðu könnuninni sem send var á netfangalista í upphafi gagnaöflunar; 199 karlar en aðeins 69 konur. Hins vegar var kynjahlutfallið jafnara á meðal þeirra sem haft var samband við í síma og svöruðu könnuninni í kjölfarið símleiðis eða á netinu, 156 karlar og 124 konur. Alls gáfu 24

svarendur ekki upp kyn sitt en 13 þeirra svöruðu könnuninni sem send var á netfangalista og 11 svöruðu eftir að spyrill hafði samband.

## Úrvinnsla

Í niðurstöðukafla eru töflur sem birta dreifingu svara við spurningum könnunarinnar og hlutföll svarenda á bak við tiltekna svarmöguleika. Í töflum í viðauka eru svör þátttakenda greind eftir kyni, aldri og búsetu. Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar. Í sumum spurningum gátu þátttakendur valið fleiri en einn valmöguleika, geta svör í þeim töflum verið fleiri en fjöldi svarenda. Í köflum um niðurstöður er auk þess á stöku stað að finna myndir sem sýna dreifingu.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p$<0,05). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal sauðfjárbænda. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p$<0,01) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p$<0,001). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin *óg.* merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum. Í slíkum tilvikum var valmöguleikum spurningarinnar slegið saman, þegar það átti við, og marktekt aftur reiknuð eins og útskýrt er í neðanmálsgrein hverrar töflu. Þegar marktekt kom fram eftir þessa fækkun flokka, var hún birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktektarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (-).

# NIÐURSTÖÐUR

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst er greint frá bakgrunni þátttakenda og því næst fjallað um helstu atriði sem fram komu við greiningu gagna.

## Þátttakendur

Til að fá innsýn í samsetningu svarenda var spurt um atriði sem tengdust bakgrunni þeirra, umfangi sauðfjárbúskaparins og reynslu. Fleiri karlar tóku þátt í könnuninni en konur, 65% svarenda eru karlar og 35% konur (sjá töflu 2). Aldursdreifingu má sjá í töflu 3 þar sem þátttakendum var skipt upp í sjö aldurshópa. Flestir þátttakendur voru í aldurshópnum 56-65 ára en fæstir í aldurshópnum 18-25 ára. Meðalaldur þátttakenda var 55 ár. Um 85% svarenda voru í sambúð eða hjónabandi (sjá töflu 4). Flestir svarenda bjuggu á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra en fæstir bjuggu á Suðvesturlandi (sjá töflu 5).

### *Tafla 2. Hvernig skilgreinir þú kyn þitt?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Karl | 355 | 65% | 65% |
| Kona | 193 | 35% | 35% |
| **Fjöldi svarenda** | **548** | | |
| Vil ekki svara | 24 | | |
| **Alls** | **572** | | |

### *Tafla 3. Aldur*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 18-25 ára | 8 | 1% | 1% |
| 26-35 ára | 35 | 6% | 6% |
| 36-45 ára | 72 | 13% | 13% |
| 46-55 ára | 135 | 24% | 24% |
| 56-65 ára | 160 | 28% | 28% |
| 66-75 ára | 90 | 16% | 16% |
| Eldri en 75 ára | 72 | 13% | 13% |
| **Fjöldi svarenda** | **572** | | |

### *Tafla 4. Hver er hjúskaparstaða þín?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Einhleyp/ur - hef aldrei verið í hjónabandi | 41 | 8% | 8% |
| Í sambúð | 118 | 22% | 22% |
| Í hjónabandi | 343 | 63% | 63% |
| Fráskilin/n eða skiln/n að borði og sæng | 25 | 5% | 5% |
| Ekkja/ekkill | 14 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svarenda** | **541** | | |
| Vil ekki svara | 31 | | |
| **Alls** | **572** | | |

### *Tafla 5. Búseta*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Suðvesturland | 5 | 1% | 1% |
| Vesturland | 116 | 20% | 20% |
| Vestfirðir | 14 | 2% | 2% |
| Norðurland vestra | 156 | 27% | 27% |
| Norðurland eystra | 110 | 19% | 19% |
| Austurland | 80 | 14% | 14% |
| Suðurland | 90 | 16% | 16% |
| **Fjöldi svarenda** | **571** | | |
| Vantar upplýsingar | 1 | | |
| **Alls** | **572** | | |

Fjöldi kinda á vetrarfóðrum á búum þátttakenda spannaði frá 10 til 1200. Langstærstur hluti svarenda (86%) var með á bilinu 10 til 450 kindur á vetrarfóðrum (sjá töflu 6). Mjög mismunandi var hversu lengi sauðfjárbændur höfðu stundað búskap sinn en það spannaði allt frá 1-5 árum til yfir 50 ára (sjá töflu 7).

***Tafla 6. Hversu margar kindur eru á vetrarfóðrum á bænum?***

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 1-150 kindur | 125 | 23% | 23% |
| 151-300 kindur | 118 | 22% | 22% |
| 301-450 kindur | 135 | 25% | 25% |
| 451-600 kindur | 95 | 18% | 18% |
| 601-750 kindur | 34 | 6% | 6% |
| 751-900 kindur | 18 | 3% | 3% |
| 901-1050 kindur | 5 | 1% | 1% |
| 1051-1200 kindur | 4 | 1% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **534** | | |
| Vil ekki svara | 38 | | |
| **Alls** | **572** | | |

***Tafla 7. Hversu lengi hefur þú stundað sauðfjárbúskap?***

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| 1-5 ár | 29 | 6% | 6% |
| 6-10 ár | 56 | 11% | 11% |
| 11-15 ár | 32 | 6% | 6% |
| 16-20 ár | 48 | 9% | 9% |
| 21-25 ár | 61 | 12% | 12% |
| 26-30 ár | 56 | 11% | 11% |
| 31-35 ár | 47 | 9% | 9% |
| 36-40 ár | 58 | 11% | 11% |
| 41-45 ár | 36 | 7% | 7% |
| 46-50 ár | 49 | 9% | 9% |
| Lengur en 51 ár | 54 | 10% | 10% |
| **Fjöldi svarenda** | **526** | | |
| Vil ekki svara | 46 | | |
| **Alls** | **572** | | |

# Ullarvinnsla og skil á ull

Leitast var við að spyrja um áhuga sauðfjárbænda á ullarvinnslu og hvernig henni er hagað. Byrjað var á að spyrja um hversu mikinn eða lítinn áhuga þátttakendur hefðu á ullarræktun. Helmingur svarenda hafði mjög eða frekar mikinn áhuga á ullarræktun meðan 18% höfðu mjög eða frekar lítinn áhuga. Tæplega þriðjungur hafði hvorki mikinn né lítinn áhuga (32%), (sjá töflu 8). Það var munur á körlum og konum þegar kom að hversu mikinn eða lítinn áhuga svarendur höfðu á ullarræktun. Konur höfðu meiri áhuga en karlar þar sem rúmlega helmingur kvenna hafði áhuga á ullarræktun (61%) en tæplega helmingur karla (46%). Aldurshópurinn 56 ára og eldri hafði mestan

áhuga á ullarræktun en tæplega 60% þeirra hafði mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga samanborið við 46% sauðfjárbænda á aldrinum 18 til 55 ára. Ekki var um að ræða tölfræðilega marktækan mun á áhuga á ullarræktun eftir búsetu svarenda (sjá viðauka, bakgrunnstöflu 1).

### *Tafla 8. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á ullarræktun?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Mjög mikinn áhuga | 75 | 13% | 2,8% | 13% |
| Frekar mikinn áhuga | 213 | 37% | 4,0% | 37% |
| Hvorki mikinn né lítinn áhuga | 182 | 32% | 3,8% | 32% |
| Frekar lítinn áhuga | 72 | 13% | 2,7% | 13% |
| Mjög lítinn eða engan áhuga | 27 | 5% | 1,7% | 5% |
| **Fjöldi svarenda** | **569** | | | |
| Veit ekki | 1 | | | |
| Vil ekki svara | 2 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

Langflestir rýja bæði á haustin og á veturna, eða 80% (tafla 9). Spurt var hvort þátttakendur skili ull af búinu til vinnslu og þá hvert og var hægt að velja fleiri en einn stað þar sem ullinni væri skilað. Langflestir svarenda, 98%, skiluðu ullinni til vinnslu en 2% ekki. Yfirgnæfandi meirihluti, eða 98% svarenda, skilaði ullinni til Ístex. Aðeins 2% skiluðu ullinni til Uppspuna og 5% svarenda skiluðu ullinni annað (sjá töflu 10). Þegar fólk var beðið um að taka fram hvar það skilaði inn ullinni ef það skilaði henni ekki til Ístex eða Uppspuna kom fram að nokkrir skiluðu ullinni til Gilshaga í Öxnafirði, sumir seldu hana beint til heimavinnslu eða handverksfólks, aðrir notuðu ullina sjálfir og enn aðrir seldu hana úr landi. Þau sem skiluðu ekki ullinni voru beðin um að tilgreina hvað yrði um ullina. Þar kom fram að þrír svarendur hentu ullinni, fjórir notuðu ullina í uppgræðslu og tveir gerðu annað við ullina (sjá töflu 11).

### *Tafla 9. Hvenær er rúið á búinu þínu?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Það er rúið bæði á haustin og veturna (snoð) | 455 | 80% | 80% |
| Það er rúið á haustin | 61 | 11% | 11% |
| Það er rúið á veturna | 34 | 6% | 6% |
| Það er rúið á vorin | 18 | 3% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **568** | | |
| Vil ekki svara | 4 | | |
| **Alls** | **572** | | |

### *Tafla 10. Skilar þú ull af búinu til vinnslu?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Já til Ístex | 556 | 98% | 98% |
| Já til Uppspuna | 9 | 2% | 2% |
| Já, annað | 26 | 5% | 5% |
| Nei | 11 | 2% | 2% |
| **Fjöldi svarenda** | **569** | | |
| Veit ekki | 1 | | |
| Vil ekki svara | 2 | | |
| **Alls** | **572** | | |

*Svarendur gátu valið fleiri en einn svarmöguleika. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%.*

### *Tafla 11. Hvað er gert við ullina ef henni er ekki skilað til vinnslu?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Við notum ullina í uppgræðslu | 3 | 33% | 33% |
| Ullinni hjá okkur er hent | 4 | 44% | 44% |
| Annað | 2 | 22% | 22% |
| **Fjöldi svarenda** | **9** | | |
| Vil ekki svara | 2 | | |
| Á ekki við (fékk ekki spurningu)* | 561 | | |
| **Alls** | **572** | | |

**Spurningin var lögð fyrir þá einstaklinga sem skila ekki ull af búinu til vinnslu.*

*Svarendur gátu valið fleiri en einn svarmöguleika. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%.*

Þegar ullinni er skilað til Ístex er hún flokkuð samkvæmt flokkunarkerfi Ístex áður en henni er skilað inn í 98% tilvika, sjá töflu 12. Ullin er flokkuð eftir litum (92%), gæðum (85%) og hreinleika (72%) áður en henni er skilað inn (sjá töflu 13).

### *Tafla 12. Er ullin á búinu flokkuð samkvæmt flokkunarkerfi Ístex áður en henni er skilað inn?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Já, ullin er flokkuð | 528 | 96% | 1,6% | 96% |
| Nei, ullinni er skilað in óflokkaðri | 22 | 4% | 1,6% | 4% |
| **Fjöldi svarenda** | **550** | | | |
| Veit ekki | 4 | | | |
| Vil ekki svara | 2 | | | |
| Á ekki við (fékk ekki spurningu)* | 16 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

**Spurningin var lögð fyrir þá einstaklinga sem sögðust skila ull af búinu til vinnslu til Ístex.*

### *Tafla 13. Eftir hverju er ullin flokkuð?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Eftir litum | 484 | 92% | 92% |
| Eftir gæðum | 447 | 85% | 85% |
| Eftir hreinleika | 382 | 72% | 72% |
| **Fjöldi svarenda** | **527** | | |
| Veit ekki | 1 | | |
| Á ekki við (fékk ekki spurningu)* | 44 | | |
| **Alls** | **572** | | |

**Spurningin var lögð fyrir þá einstaklinga sem sögðust flokka ullina skv. flokkunarkerfi Ístex áður en henni er skilað inn. Svarendur gátu valið fleiri en einn svarmöguleika. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%.*

Þegar spurt var hversu vel eða illa fólki fyndist vera borgað fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex kom í ljós að 11% fannst mjög eða frekar vel borgað (sjá töflu 14). Því næst kom opin spurning þar sem þátttakendur voru spurðir hvað þeim þætti ásættanlegt að greitt væri fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex og gátu þeir skrifað inn þá upphæð sem þeim hugnaðist. Samkvæmt ullarverðmati Ístex árið 2020 var verð fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull 415 krónur.[1] Um 69% svarenda töldu að sanngjarnt verð fyrir eitt kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex væri á bilinu 500 til 1100 krónur. Sumir kusu að skrifa ekki ákveðna upphæð heldur sögðu að greiða mætti meira fyrir ullina eða að greiðsla fyrir ullina þyrfti að vera þannig að hún stæði að minnsta kosti undir rúningnum (sjá töflu 15).

[1] Sjá https://ullarmat.is/wp-content/uploads/2019/10/ullarverd_2020.pdf

### *Tafla 14. Hversu vel eða illa finnst þér vera borgað fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Mjög vel borgað | 4 | 1% | 0,7% | 1% |
| Frekar vel borgað | 54 | 10% | 2,6% | 10% |
| Hvorki vel né illa borgað | 96 | 18% | 3,3% | 18% |
| Frekar illa borgað | 196 | 38% | 4,2% | 38% |
| Mjög illa borgað | 172 | 33% | 4,0% | 33% |
| **Fjöldi svarenda** | **522** | | | |
| Veit ekki | 39 | | | |
| Vil ekki svara | 11 | | | |
| Á ekki við | 325 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

### *Tafla 15. Hversu mikið finnst þér ásættanlegt að greitt sé fyrir kíló af fyrsta flokks hvítri ull hjá Ístex?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| 500-800 krónur | 89 | 36% | 6,0% | 36% |
| 801-1100 krónur | 81 | 33% | 5,9% | 33% |
| 1101-1500 krónur | 31 | 13% | 4,2% | 13% |
| 1501-2000 | 14 | 6% | 2,9% | 6% |
| 2001-2500 | 5 | 2% | 1,8% | 2% |
| 2501-3000 | 4 | 2% | 1,6% | 2% |
| 3001-4600 | 2 | 1% | 1,1% | 1% |
| Mætti vera meira | 7 | 3% | 2,1% | 3% |
| Verð sem stendur undir rúningskostnaði | 11 | 5% | 2,6% | 5% |
| **Fjöldi svarenda** | **244** | | | |
| Veit ekki | 49 | | | |
| Vil ekki svara | 279 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

Svarendur gátu valið hvort þeir vildu skrá í opinn reit hvað þeim þætti ásættanlegt verð fyrir fyrsta flokks hvíta ull hjá Ístex.
Svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar voru tekin saman og eru hér sett fram sem verðbil.
Þegar könnunin var lögð fyrir var verð fyrir fyrsta flokks hvíta ull hjá Ístex 415 krónur kílóið.

Næst var spurt um hvað svarendur myndu gera við ullina ef ekki væri ullarvinnsla í landinu. Hægt var að merkja við fleiri en einn valkost. Flest merktu við að þau myndu senda ullina úr landi til að skapa verðmæti úr henni þar. Um 26% merktu við að þau myndu henda ullinni ef ekki væri ullarvinnsla í landinu. Um 20% myndu nota ullina í uppgræðslu lands, 12% myndu vinna úr henni heima og 9% myndu senda hana úr landi til að láta vinna hana þar. Nokkur töldu að þau myndu

nota ullina í annað en þá valmöguleika sem komu fram í spurningunni. Þegar svarendur tiltóku nánar hvað þeir myndu gera við ullina ef það væri ekki ullarvinnsla í landinu kom oftast fram að þeir myndu koma ullinni í vinnslu innanlands eða nota hana til einangrunar í húsum.

***Tafla 16. Hvað myndir þú gera við ullina ef ekki væri ullarvinnsla í landinu?***

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Senda hana úr landi til að skapa verðmæti úr henni þar | 201 | 36% | 36% |
| Henda henni | 145 | 26% | 26% |
| Nýta hana í uppgræðslu lands | 112 | 20% | 20% |
| Vinna úr henni heima | 69 | 12% | 12% |
| Senda hana úr landi til að láta vinna hana fyrir mig | 52 | 9% | 9% |
| Annað | 41 | 7% | 7% |
| **Fjöldi svarenda** | **442** | | |
| Veit ekki | 110 | | |
| Vil ekki svara | 20 | | |
| **Alls** | **572** | | |

*Hér voru svarendur beðnir um að merkja við einn eða tvo svarmöguleika.*

# Heimavinnsla

Eftirfarandi niðurstöður sýna svör sem viðkoma heimvinnslu á ull og hvernig unnið er úr ull á bæjum þar sem slíkt er stundað. Um 22% höfðu mjög eða frekar mikinn áhuga á heimsvinnslu á ull (sjá töflu 17). Áberandi munur var á kynjunum þegar spurt var út í áhuga á heimavinnslu. Þar höfðu 41% kvenna mjög mikinn eða frekar mikinn áhuga á heimavinnslu á ull en aðeins 12% karla sýndu sama áhuga. Áhugasamasti aldurshópurinn um heimavinnslu á ull var elsti aldurshópurinn, 56 ára og eldri, svarendur á aldrinum 40 til 55 ára höfðu næst mestan áhuga og minnstan áhuga höfðu svarendur á aldrinum 18 til 39 ára (sjá viðauka, bakgrunnstöflu 9)

### *Tafla 17. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á heimavinnslu á ull?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Mjög mikinn áhuga | 35 | 6% | 2,1% | 6% |
| Frekar mikinn áhuga | 85 | 16% | 3,1% | 16% |
| Hvorki mikinn né lítinn áhuga | 99 | 18% | 3,3% | 18% |
| Frekar lítinn áhuga | 102 | 19% | 3,3% | 19% |
| Mjög lítinn áhuga | 221 | 41% | 4,1% | 41% |
| **Fjöldi svara** | **542** | | | |
| Veit ekki | 13 | | | |
| Vil ekki svara | 17 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

Þegar spurt var hvort stunduð væri einhvers konar heimavinnsla á ull á bænum kom fram að 15% stunduðu heimavinnslu til eigin nota eða til sölu en 87% sögðust ekki stunda slíkt (sjá töflu 18). Rúmlega helmingur svaraði að öll ull sem notuð væri til heimavinnslu kæmi af búinu en tæplega fjórðungur sagði að öll ullin væri keypt. Um fjórðungur svarenda nýtti bæði ull af búinu og aðkeypta ull til heimavinnslunnar (sjá töflu 19).

### *Tafla 18. Er einhvers konar heimavinnsla á íslenskri ull stunduð á bænum?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Nei, engin heimavinnsla | 474 | 84% | 3,0% | 84% |
| Já, til eigin nota | 61 | 11% | 2,6% | 11% |
| Já, til sölu | 22 | 4% | 1,6% | 4% |
| Nei, en ég er að hugsa um að hefja slíka starfsemi | 18 | 3% | 1,5% | 3% |
| **Fjöldi svarenda** | **560** | | | |
| Vil ekki svara | 12 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

Svarendur gátu valið fleiri en einn svarmöguleika. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%.

### *Tafla 19. Kemur ullin sem notuð er í heimavinnslunni af búinu eða er ullin keypt?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Öll ull kemur af búinu | 11 | 52% | 52% |
| Öll ull er keypt | 5 | 24% | 24% |
| Mest af ullinni er keypt en einhver kemur af búinu | 3 | 14% | 14% |
| Mest af ullinni kemur af búinu en einhver er keypt | 2 | 10% | 10% |
| **Fjöldi svarenda** | **21** | | |
| Veit ekki | 1 | | |
| Á ekki við (fékk ekki spurningu)* | 550 | | |
| **Alls** | **572** | | |

**Spurningin var lögð fyrir þá einstaklinga sem svöruðu því að þeir seldu þá heimavinnslu sem stunduð væri á bænum.*

Spurt var hverjir sinntu heimavinnslu á bænum og gátu svarendur merkt við fleiri en einn valkost. Af þeim sem svöruðu spurningunni sagði tæplega helmingur að þeir sjálfir sinntu heimavinnslunni. Af þeim sem sinntu sjálfir heimavinnslu ullar á bænum voru konur í meirihluta, eða tíu konur og einn karl. Ellefu svöruðu að eiginkona eða sambýliskona þeirra sinnti heimvinnslunni en aðeins einn þátttakandi sagði eiginmann eða sambýlismann sinna heimavinnslu á búinu. Þrír sögðu að dóttir eða dætur sinntu heimavinnslu og þrír að móðir þeirra sinnti heimavinnslu. Enginn merkti við að faðir eða sonur sinnti slíku (tafla 20).

### *Tafla 20. Hverjir sinna heimavinnslunni á bænum?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda |
|---|---|---|
| Ég (svarandi er kona) | 10 | 45% |
| Ég (svarandi er karl) | 1 | 5% |
| Eiginkona/sambýliskona | 11 | 50% |
| Eiginmaður/sambýlismaður | 1 | 5% |
| Dóttir/dætur | 3 | 14% |
| Móðir | 3 | 14% |
| Annar | 1 | 5% |
| **Fjöldi svara** | **30** | |
| **Fjöldi svarenda** | **21** | |
| Veit ekki | 1 | |
| Á ekki við (fékk ekki spurningu)* | 550 | |
| **Alls** | **572** | |




**Spurningin var lögð fyrir þá einstaklinga sem svöruðu því að þeir seldu þá heimavinnslu sem stunduð væri á bænum*

Þeir sem svöruðu að þeir seldu ullarframleiðsluna á bænum voru spurðir um hvers konar heimavinnsla væri seld. Hægt var að velja fleiri en einn valkost og var nokkuð jöfn dreifing á því hvaða ullarafurðir væru seldar. Flestir svöruðu því að að prjónaskapur og hekl væri sú heimavinnsla sem seld væri, eða 16 manns, og aðeins einn sagði vefnað vera seldan frá býlinu (sjá töflu 21). Því næst voru sauðfjárbændur spurðir að því að ef til heimavinnslu kæmi, hvers konar heimavinnslu viðkomandi hefði hugsað sér að væri seld frá bænum. Aftur var dreifing svara nokkuð jöfn en algengasta svarið var annað hvort prjónaskapur og hekl eða spunnið band úr ull, og var hlutfall hvors svarmöguleika 39% (tafla 22). Þeir sem stunduðu heimavinnslu á ull eða ætluðu sér að stunda slíka starfsemi voru spurðir hvar heimavinnslan yrði seld. Allir níu sem svöruðu spurningunni svöruðu að heimavinnsla yrði eingöngu seld heima á bænum.

### *Tafla 21. Hvers konar heimavinnsla á íslenskri ull er seld frá bænum?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Prjónaskapur/hekl | 16 | 73% | 73% |
| Spunnið band úr ull | 4 | 18% | 18% |
| Þæfð ull | 7 | 32% | 32% |
| Grófhreinsuð og snyrt ull | 5 | 23% | 23% |
| Band | 5 | 23% | 23% |
| Þvegin og kembd ull, tilbúin til frekari vinnslu | 5 | 23% | 23% |
| Vefnaður | 1 | 5% | 5% |
| Annað | 4 | 18% | 18% |
| **Fjöldi svarenda** | **22** | | |
| Á ekki við (fékk ekki spurningu)* | 550 | | |
| **Alls** | **572** | | |

*Spurningin var lögð fyrir þá einstaklinga sem svöruðu því að þeir seldu þá heimavinnslu sem stunduð væri á bænum.

*Svarendur gátu valið fleiri en einn svarmöguleika. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%.*

### *Tafla 22. Ef til heimavinnslu kæmi, hvers konar heimavinnsla hefur þú hugsað þér að yrði seld frá bænum?*

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Spunnið band úr ull | 7 | 39% | 39% |
| Prjónaskapur/hekl | 7 | 39% | 39% |
| Grófhreinsuð og snyrt ull | 5 | 28% | 28% |
| Þæfð ull | 5 | 28% | 28% |
| Þvegin og kembd ull, tilbúin til frekari vinnslu | 4 | 22% | 22% |
| Vefnaður | 4 | 22% | 22% |
| Band | 5 | 22% | 22% |
| Annað | 2 | 11% | 11% |
| **Fjöldi svarenda** | **13** | | |
| Veit ekki | 5 | | |
| Á ekki við (fékk ekki spurningu)* | 554 | | |
| **Alls** | **572** | | |

**Spurningin var lögð fyrir þá einstaklinga sem svöruðu því að þeir seldu að þeir væru að hugsa um að hefja* heimavinnslu á íslenskri ull.

*Svarendur gátu valið fleiri en einn svarmöguleika. Þess vegna er samanlagt hlutfall svarenda hærra en 100%.*

Um 42% svarenda höfðu mikinn eða frekar mikinn áhuga á að láta spinna sérstakt band úr ull sem hægt væri að rekja til búsins. Svipaður fjöldi, eða 39%, höfðu mjög eða frekar lítinn áhuga á slíku. Fimmtungur svaraði því að þeir hefðu hvorki mikinn né lítinn áhuga á að láta spinna sérstakt band úr ull sem hægt væri að rekja til búsins (sjá töflu 23). Konur höfðu meiri áhuga (52%) á slíku miðað við karla (35%). Ekki kom fram tölfræðilega marktækur aldursmunur né búsetumunur á hversu

áhugasamt fólk var um að hægt væri að spinna sérstakt band úr ull sem hægt væri að rekja til búsins (sjá viðauka, bakgrunnstafla 12).

***Tafla 23. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að láta spinna sérstakt band úr ullinni þinni sem hægt væri að rekja til búsins?***

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Mjög mikinn | 82 | 16% | 3,1% | 16% |
| Frekar mikinn | 134 | 26% | 3,7% | 26% |
| Hvorki mikinn né lítinn | 104 | 20% | 3,4% | 20% |
| Frekar lítinn | 75 | 14% | 3,0% | 14% |
| Mjög lítinn | 129 | 25% | 3,7% | 25% |
| **Fjöldi svara** | **524** | | | |
| Veit ekki | 33 | | | |
| Vil ekki svara | 15 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

# Sölusíða fyrir ull

Spurt var út í áhuga sauðfjárbænda á sölu ullar gegnum vefverslun. Fyrst var kannað hversu mikinn eða lítinn áhuga viðkomandi hafði á að taka þátt í að þróa sameiginlega vefverslun fyrir íslenska ull í samstarfi við Textílmiðstöðina. Um 34% svarenda hafði mikinn eða frekar mikinn áhuga á að taka þátt í slíku. Tæplega þriðjungur hafði hvorki mikinn né lítinn áhuga á að taka þátt í samstarfi og rúmlega þriðjungur hafði mjög eða frekar lítinn áhuga (sjá töflu 24).

***Tafla 24. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að taka þátt í að þróa sameiginlega vefverslun fyrir íslenska ull og ullarvörur í samstarfi við Textílmiðstöðina?***

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Mjög mikinn | 43 | 8% | 2,4% | 8% |
| Frekar mikinn | 135 | 26% | 3,8% | 26% |
| Hvorki mikinn né lítinn | 153 | 30% | 4,0% | 30% |
| Frekar lítinn | 80 | 16% | 3,2% | 16% |
| Mjög lítinn | 99 | 19% | 3,4% | 19% |
| **Fjöldi svara** | **510** | | | |
| Veit ekki | 45 | | | |
| Vil ekki svara | 17 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

Því næst var fólk spurt að því hvað það teldi vera sanngjarna álagningu á vöru þeirra í vefverslun (sjá töflu 25). Meirihlutinn, eða 63%, svaraði því að hann teldi sanngjarna álagningu vera á bilinu 31-60%. Tæplega fjórðungur taldi sanngjarna álagningu vera lægri en 30% og 11% taldi sanngjarna álagningu á vöru þeirra í vefverslun vera á bilinu 61-100%. Fámennasti hópurinn, eða 2%, taldi sanngjarna verðlagningu vera hærri en 100%.

***Tafla 25. Hvað myndir þú telja sanngjarna álagningu á þinni vöru í vefverslun?***

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Lægri en 30% | 32 | 24% | 7,4% | 24% |
| Á bilinu 31-60% | 82 | 63% | 8,3% | 63% |
| Á bilinu 61-100% | 15 | 11% | 5,5% | 11% |
| Hærri en 100% | 2 | 2% | 2,1% | 2% |
| **Fjöldi svara** | **131** | | | |
| Veit ekki | 42 | | | |
| Vil ekki svara | 5 | | | |
| Á ekki við (fékk ekki spurningu)* | 394 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

*Spurningin var lögð fyrir þá einstaklinga sem svöruðu að þeir hefðu mjög eða frekar mikinn áhuga á að taka þátt í að þróa sameiginlega vefverslun fyrir íslenska ull og ullarvörur í samstarfi við Textílmiðstöðina.

# Náttúruvæn ullarframleiðsla

Hér á eftir verða sýndar niðurstöður spurninga sem könnuðu viðhorf sauðfjárbænda gagnvart náttúruvænni ullarframleiðslu á Íslandi. Í fyrstu spurningunni var skoðað hversu mikilvægt eða lítilvægt þeim fyndist að ullarframleiðsla á Íslandi væri umhverfisvæn. Miklum meirihluta eða 90% svarenda fannst umhverfisvæn ullarframleiðsla vera mjög eða frekar mikilvæg (tafla 26).

**_Tafla 26. Hversu mikilvægt eða lítilvægt finnst þér að ullarframleiðsla á Íslandi sé umhverfisvæn?_**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Mjög mikilvægt | 279 | 52% | 4,2% | 52% |
| Frekar mikilvægt | 206 | 38% | 4,1% | 38% |
| Hvorki mikilvægt né lítilvægt | 41 | 8% | 2,2% | 8% |
| Frekar lítilvægt | 9 | 2% | 1,1% | 2% |
| Mjög lítilvægt | 6 | 1% | 0,9% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **541** | | | |
| Veit ekki | 11 | | | |
| Vil ekki svara | 20 | | | |
| **Alls** | **572** | | | |

Þegar spurt var hvað fólk teldi að ætti að einkenna umhverfisvæna íslenska framleiðslu merktu flestir sem svöruðu við að bandið/ullin ætti að vera 100% íslensk (79%) og að öll ullarvinnsla ætti að fara fram á Íslandi (74%) Fæstir töldu að það sem ætti að einkenna umhverfisvæna ullarframleiðslu á Íslandi væri að bandið/ullin af kindunum væri af kindum sem gengju á ræktuðu landi (11%) (sjá töflu 27). Þátttakendur fengu tækifæri til þess koma á framfæri hvað annað ætti að einkenna umhverfisvæna íslenska ullarframleiðslu. Þar kom fram að svarendur töldu að sjá ætti til þess að ekki væri gengið á landgæði við beit og að tryggja þyrfti góða meðferð á dýrum.

**_Tafla 27. Hvað telur þú að eigi að einkenna umhverfisvæna íslenska ullarframleiðslu?_**

| | Fjöldi | Hlutfall svarenda | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Bandið/ullin sé 100% íslensk | 414 | 79% | 79% |
| Ullarvinnslan fari öll fram á Íslandi | 391 | 74% | 74% |
